



Kæri nýnemi

Það er mér sönn ánægja að tilkynna þér að umsókn þín um skólavist í Tækniskólanum hefur verið samþykkt. Það er ávallt tilhlökkunarefni að fá nýja nemendur í skólann og vona ég að þér eigi eftir að líða vel hjá okkur og verða ánægð(ur) hjá Tækniskólanum.

Ég vil benda þér á að hafir þú ekki þegar farið inn á www.inna.is eða www.mms.is/innritun-i-framhaldsskola skaltu gera það til að athuga á hvaða braut þú hefur verið innritaður/innrituð.

Skólasetning verður miðvikudaginn 19. ágúst eins og hér segir:

- Skólavörðuholti klukkan 10:00
- Háteigsveggi (Sjómannaskólahúsi) klukkan 13:00
- Hafnarfirði (Flatahrauni) klukkan 15:00

Kennsla hefst svo skv. stundaskrá fimmtudaginn 20. ágúst.

Föstudaginn 14. ágúst verður opnað fyrir stundatöflur haustannar í Innu. Við bendum á mikilvægi þess að netföng forráðamanna séu rétt skráð í Innu.

Nánari upplýsingar verða sendar í tölvupósti þegar nær dregur. Upplýsingar um námsgögn, skólareglur og önnur mikilvæg atriði verða jafnframt aðgengilegar á vefsíðu skólans www.tskoli.is í ágúst.

Tækniskólinn er virkur á samfélagsmiðlum og notar þá töluvert við upplýsingagjöf til nemenda. Við hvetjum þig til að tengjast okkur. Þú finnur okkur á Facebook, Instagram og Snapchat sem Tækniskólinn eða tskoli.

Við hlökkum til að sjá þig í haust!

Bestu kveðjur,

Hildur Ingvarsdóttir
skólameistari